GASTEC
• ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA •

FUJITSU

# Leiðbeiningar um notkun fjarstýringar

Að nota fjarstýringuna

Beina verður fjarstýringu að móttakara í innihluta varmadælunnar til þess að hún virki (drægni max 7m). Þegar aðgerð er valin með fjarstýringu heyrist lágt píp frá innihlutanum og ljós blikkar sem staðfestir móttöku boðanna ATH! ef ekkert píp heyrist hafa boðin ekki verið móttekin og þrýsta þarf aftur á hnappinn.

Virkni varmadælunnar valin




Fimm aðgerðahnappar ráða virkni varmadælunnar

Ýtið á viðeigandi aðgerðahnapp

HEAT Upphitun: Varmadælan hitar

COOL Kæling: Varmadælan kælir

DRY Þurrkun: Notað til að draga raka úr innilofti

AUTO Sjálvirk keyrsla: varmadælan skiptir sjálf milli hitunar eða kælingar eftir hitastigi

FAN Blástur: Aðeins er kveikt á blæstrinum til að hreyfa loftið inni varmadælan gengur ekki til hitunar eða kælingar

## Um stillingarnar

Upphitun - Þegar varmadælan er ræst á upphitun gengur innihlutinn mjög hægt í 3-5 mínútur Þessi tími líður til að dælan nái að hita kælimiðilinn áður en hún keyrir upp viftuhraðan hún fer svo á meiri hraða og hægir ekki á sér fyrr en það hitastig sem valið er nálgast.

Kæling - Ef verulega heitt er í veðri er mögulegt að láta varmadæluna kæla rýmið en þá verður að gera ráðstafanir vegna þéttivatns sem rennur úr affallsröri neðan úr innihlutanum

Þurrkun - þessa aðgerð má nota til að eyða raka í rýminu varmadælan stjórnar sjálf hitun og kælingu. Við þurrkun gengur varmadælan hægt og kann að stöðvast öðru hvoru til að jafna rakann í rýminu. Innihlutinn getur líka gengið mjög hægt meðan kerfið er að jafna rakann. Þessa stillingu er ekki hægt að nota til hitunar eða kælingar

Sjálfvirk keyrsla - Notað í rýmum og á svæðum þar sem miklar hitasveiflur eru, ekki er mælt með notkun þessarar stillingar við íslenskar aðstæður en ef hún er notuð verður að huga að frágangi drenrörs vegna þéttivatns.

Blástur - Notað til að koma af stað loftstreymi í rýminu án hitunar og kælingar.

## SET TEMP *Stilling hitastigs*




**Ýtið á SET TEMP hnappinn upp eða niður**
Ýtið á ör upp til að hækka hitann
Ýtið á ör niður til að lækka hitann

**Veljanlegt hitasviðið mismunandi stillinga**

| | |
|---|---|
| Hitun | 16-30 °C |
| Kæling/þurrkun | 18-30 °C |
| AUTO | 18-30 °C |
| Blástur / FAN | Ekki er hægt að velja hitastig í FAN aðgerð (hitastigið kemur ekki fram á fjarstýringu) |

FAN CONTROL Stilling viftuhraða




Hægt er að stjórna hraða blásarans í innihlutanum með hnappnum Fan control - Í hvert sinn sem ýtt er á hnappinn breytist viftuhraðinn eins og sést á myndinni hér að neðan.




Algengasta stilling blásarahraðans og sú sem mælt er með við keyrslu varmadælunnar til hitunar er AUTO stillingin. Gott er þó að hafa þann möguleika að geta handstýrt viftuhraðanum t.d. getur verið gott að hægja á blæstrinum ef setið er undir innihluta varmadælunnar einnig er mögulegt að keyra meiri hraða ef þörf er á auknum loftskiptum eða betri dreifingu hitans þegar varmadælan er nálægt óskuðu hitastigi og gengur þar af leiðandi hægt á litlum afköstum.

Hljóðlát virkni SUPER QUIET
Ef þörf er á að hafa algjöra kyrrð í rýminu er hægt að velja aðgerð sem heitir SUPER QUIET með því að styðja á vikomandi hnapp. Ljósið á innihlutanum fyrir SUPER QUIET virknina lýsir en engin breyting sést á fjarstýringu hljóðlát virknin byrjar. Loftblástur frá dælu minnkar og afköst viðkomandi aðgerðar hvort sem um er að ræða upphitun, kælingu eða þurrkun minnka talsvert.
Super quiet virknina er hægt að stöðva með því að styðja á hnappinn til að breyta blásarahraðanum, stilla á Hi-Power aðgerðina eða slökkva með fjarstýringunni, þegar varmadælan er ræst aftur kemur hún upp á sama hraða og stilltur var í upphafi.

Öflug virkni HI-POWER
Með þessari stillingu gengur varmadælan á fullum afköstum óháð hitagildinu í fyrirfram forritaðan tíma, notað ef þörf er á snöggri upphitun.

Sparnaðar stilling ECONOMY
Með þessari stillingu gengur varmadælan á fyrirfram forrituðu sparnaðar kerfi. Athugið að þetta hefur í för með sér minni afköst óháð því hvaða virkni er valin.

Þurrkun innihluta COIL DRY
Með þessari stillingu er leitast við að eyða raka úr innihlutanum sérstaklega ef varmadælan hefur verið lengi á kælingu eða staðið lengi. Þetta er gert til að varna sveppamyndun í hitaranum.




Síu hreinsun FILTER
Með þessum hnapp er hægt að keyra síuhreinsun handvirkt, notast sérstaklega ef vænta má mjög mikilla óhreininda í umhverfinu.

Stilling loftflæðis AIR DIRECTION / SWING
Þessir hnappar stilla stefnu loftflæðisins upp/niður eða til hliðanna. Swing hnappurinn lætur loftristarnar hreyfast sjálfvirkt, þessi stilling á frekast að nota við keyrslu vélarinnar í kælingu.
Megin reglan er sú að við hitun beina ristarnar loftflæðinu að gólfinu en í kælingu beint fram frá innihlutanum




Stilla klukku
1. Ýtið á CLOCKADJUST hnappinn. Notið penna eða oddhvassan hlut.
2. Notið + / - SET TIME hnappana til að stilla klukkuna. + til að flýta klukkunni - til að seinka klukkunni
Klukkan færist um eina mínútu í senn í hvert sinn sem ýtt er á hnappinn. Ef hnappinum er haldið niðri flýtir hún sér um 10 mín. í senn.
3. Ýtið á SET hnappinn. Stillingu er nú lokið.